

**Ed.**

**363. Nefndarálit**

[149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur í um það bil mánuð haft til meðferðar frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Nefndin hefur haldið samtals 12 fundi um málið. Hafa nokkrir þessara funda verið sameiginlegir með iðnaðarnefnd neðri deildar.

Á fundum nefndarinnar hafa mætt allir oddvitar sveitarfélaga við norðanverðan Hvalfjörð, sunnan Skarðsheiðar, og bæjarstjórinn á Akranesi, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, ásamt ritara nefndarinnar, orkumálastjóri, ásamt starfsmönnum frá Landsvirkjun og Verkfræðistofu Sigurðar Toroddsen, formaður Náttúruverndarráðs, ásamt tveimur öðrum ráðsmönnum og ritara ráðsins, landlæknir og forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ásamt starfsmanni, prófessor Agnar Ingólfsson frá líffræðiskor Háskóla Íslands, Halldór E. Sigurðsson samgönguráðherra ásamt skrifstofustjóra samgönguráðuneytisins og Gunnari Sigurðssyni verkfræðingi, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, ásamt starfsmanni, og Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, sem hefur verið lögfræðilegur ráðunautur viðræðunefndar um orkufrekan iðnað.

Að beiðni nefndarinnar fengu t. jafnframt skriflegar umsagnir fyrrnefndra sveitarfélaga og verkalýðsfélags Akraness að undanskildu einu, og Landsvirkjun og Verkfræðistofa Sigurðar Toroddsen gerðu sérstakar athuganir á orkuverði og orkupörf. Einnig fékk nefndin skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins um málið og umsögn Þjóðhagsstofnunar, sem gerð var að beiðni viðræðunefndar um orkufrekan iðnað.

Málið hefur þannig fengið ítarlega meðferð í höndum iðnaðarnefndar. Að þeirri athugun lokinni mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. mars 1975.

Steingr. Hermannsson,  
form., frsm.

Ingi Tryggvason,  
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Albert Guðmundsson.

Eggert G. Þorsteinsson.